

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Veðréttur og þinglýsingar

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: **Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)**
ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna viðskiptabréfareglur (60%).

Prófdagur: **6. nóvember 2017** Kl.: **16:00 til 20:00**

Próftími alls: **4 klst.** Prófblöð **4**
vegna þessa hluta prófsins, (þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: **Lög og reglugerðir** Fylgiblöð: **Engin**

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Þinglýsingar (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsörð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. Ef tvö eða fleiri skjöl eru jafn rétthá þá skal merkja þau bæði (eða öll) með báðum (eða öllum) þeim sætum sem þau eiga. Sem dæmi má nefna að ef tvö skjöl eru bæði rétthæst þá skal merkja þau bæði með „1-2“. (5%)
 - ___ a. Veðskuldabréf, dags. 2. nóvember 2017, barst til þinglýsingar 3. nóvember sama ár kl. 12:49.
 - ___ b. Fjárnám gert í eigninni 26. september 2017, barst til þinglýsingar 2. nóvember sama ár kl. 13:20.
 - ___ c. Fjárnám gert í eigninni 21. október 2017, barst til þinglýsingar 2. nóvember sama ár kl. 11:52.
 - ___ d. Fjárnám gert í eigninni 1. nóvember 2017, barst til þinglýsingar 3. nóvember sama ár kl. 13:57.
2. Gerið stuttlega grein fyrir því hverjir fara með þinglýsingar og gerið jafnframt grein fyrir áreiðanleika þinglýsingabóka. (10%)

Veðréttur (25%)

1. Gerið grein fyrir reglum laga um samningsveð nr. 75/1997 um veðsetningu á heildarsöfnum muna. (13%).
2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Hver liður gildir 2%. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar og tvö stig eru dregin frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. Aðeins einn valmöguleiki er réttur. (12%)

- a) Veðréttur í almennri fjárkröfu á hendur nafngreindum skuldara öðlast réttarvernd við þinglýsingu í lausafjárnám skuldans.

___ Rétt

___ Rangt

- b) Ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 eru ófrávíkjanleg.

___ Rétt

___ Rangt

- c) Veðhafa sem á handveð í eign er almennt óheimilt að hagnýta sér veðið (veðandlagið), nema samið hafi verið um það sérstaklega eða það sé í einstökum tilvikum heimilt á öðrum grundvelli.

___ Rétt

___ Rangt

- d) Tilgreiningarreglan gildir ekki um handveð.

___ Rétt

___ Rangt

- e) Veðsali samkvæmt rekstrarveði hefur almennt heimild til að skipta út eða framselja rekstartæki þar til fram er komin krafa um nauðungarsölu á fasteigninni þar sem reksturinn fer fram.

___ Rétt

___ Rangt

- f) Veðsala er ávallt skylt að tryggja hina veðsettu eign.

___ Rétt

___ Rangt